

Nd.

410. Nefndarálit

um frv. til l. um fiskimálasjóð, markaðsleit sjávarafurða, útflutning á fiski o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins.

Einn nefndarmanna (EystJ) vill samþykkja frv., en meiri hl. n. er andvígur ýmsum meginatriðum þess og getur ekki mælt með, að það verði samþykkt.

Það mun nú að fullu ráðið, að á yfirstandandi Alþingi verði sett lög um stórfellda eflingu Fiskveiðasjóðs Íslands, og má því ætla, að þegar á þessu ári verði vel séð fyrir stofnlánþörf sjávarútvegsins.

Um leið og fiskveiðasjóður verður þannig efldur, hljóta verkefni fiskimálasjóðs að breytast verulega frá því, sem verið hefur að undanfögnu. Eins og kunnugt er, hefur fiskimálasjóði að langmestu leyti verið varið til lánveitinga til byggingar frystihúsa, en með þeim breytingum, sem nú er fyrirhugað að gera á fiskveiðasjóði, er honum ætlað að lána svo ríflega til slíkra framkvæmda, að viðbótarlán úr fiskimálasjóði ættu varla að koma til greinda. Fiskimálasjóður ætti því á næstunni að geta gefið sig meir en verið hefur að tilraunum í þágu sjávarútvegsins og annarri hliðstæðri starfsemi.

Meiri hl. n. lítur svo á, að rétt sé að athuga sérstaklega starfsemi fiskimálanefndar og fiskimálasjóðs með hliðsjón af þessum breyttu aðstæðum, og þar sem meiri hl. n. er kunnugt, að atvinnuáráðherra hefur í huga að láta fram fara sérstaka athugun á þessu, þá leggur meiri hl. n. til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fyrirhugað er, að fram fari sérstök athugun á því, hvernig starfsemi fiskimálasjóðs og fiskimálanefndar verði bezt fyrir komið með tilliti til þeirra breytinga, sem fyrirhugaðar eru á Fiskveiðasjóði Íslands, telur deildin ekki rétt að gera breytingar á lögnum um fiskimálasjóð nú á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. febr. 1946.

Sig. Kristjánsson,
form.

Lúðvik Jósefsson,
fundaskr., frsm.
Jóh. P. Jósefsson.

Ásg. Ásgeirsson.